



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

624. fundur stjórnar SSH
var haldinn í Hamraborg 9, mánudaginn 2. mars 2026
og hófst hann kl. 13:00.

Fundinn sátu:

Heiða Björg Hilmisdóttir, Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Regína Ásvaldsdóttir, Valdimar Víðisson, Þorbjörg Gísladóttir, Þór Sigurgeirsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Ásdís Kristjánsdóttir varaformaður stjórnar setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. SSH Ársreikningur 2025 - 2602010

Fyrirliggjandi er ársreikningur SSH vegna ársins 2025. Haraldur Ö. Reynisson endurskoðandi hjá KPMG kynnir helstu atriði ársreikningsins.

Gestir

Haraldur Ö. Reynisson endurskoðandi KPMG

Niðurstaða:

Stjórn samþykkir fyrirliggjandi ársreikning og verður hann sendur til rafrænnar undirritunar stjórnar og framkvæmdastjóra.

2. Sérskóli á höfuðborgarsvæðinu - Sóknaráætlun 2025 - 2502016

Fyrirliggjandi til kynningar eru drög að skýrslu vegna áhersluverkefnis sóknaráætlunar 2025 um fýsileikakönnun á sameiginlegri stofnun sérskóla á höfuðborgarsvæðinu. Arnar Haraldsson, ráðgjafi hjá HLH ráðgjöf kynnir.

Gestir

Steinn Jóhannsson, formaður skólamálanefndar SSH og sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur

Arnar Haraldsson ráðgjafi.

Hanna Borg Jónsdóttir verkefnastjóri farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar og umræðu. Skýrslan verði unnin áfram til samræmis við umræður fundarins, m.a. með nánari greiningu og skýrri og ítarlegri framsetningu tillögu um framhaldið, og lögð fram að nýju að því loknu. Skrifstofu SSH er jafnframt falið að skipuleggja heimsókn stjórnar í Kletta- og Arnarskóla.

Valdimar Víðisson bæjarstjóri Hafnarfjarðar fór af fundi.



3. Fyrirkomulag almenningssamgangna ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu - 2409007

Fyrirliggjandi eru drög að þjónustusamningi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og ríkisins við Almenningsamgöngur höfuðborgarsvæðisins ohf.

Jafnframt eru fyrirliggjandi drög að samstarfssamningi milli Strætó bs. og Almenningsamgangna höfuðborgarsvæðisins ohf. um rekstur almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu.

Er gerð tillaga um að framangreindum samningsdrögum verði vísað til umræðu og afgreiðslu á vettvangi sveitarfélaganna og fylgt eftir þar með kynningum verði eftir því leitað.

Niðurstaða:

Samþykkt.

4. Álagsdreifing umferðar á hbsv. - Sóknaráætlun 2025 - 2502010

Framundan eru umfangsmiklar framkvæmdir vegna Samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins og á meðan og til framtíðar er sérstaklega mikilvægt að leita leiða til að bæta flæði samgöngumáta á svæðinu. Bætt umferðarflæði hefur bæði áhrif á ferðatíma þeirra sem ferðast með almenningssamgöngum og einkabíl.

Verkefnið „Álagsdreifing umferðar á höfuðborgarsvæðinu“ er eitt af áhersluverkefnum sóknaráætlunar árið 2025. Markmið þess er að greina og móta sameiginlegar aðgerðir á höfuðborgarsvæðinu vegna álagsdreifingar umferðar um svæðið. Skýrsla EFLU um verkefnið er nú fyrirliggjandi. Svæðisskipulagsstjóri kynnir.

Er þá lagt til að skýrslan verði kynnt fyrir kjörnum fulltrúum á örfundi.

Gestir

Ásdís Ólafsdóttir svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar. Skrifstofu SSH er þá falið að boða örfund til kynningar á skýrslunni.

5. Almyrkvi á sólu 12.08.2026 - 2504002

Umræður um stöðu mála hvað varðar undirbúning aðgerða vegna almyrkva á sólu.

Niðurstaða:

Umræður. Framkvæmdastjóra er falið að fylgja málinu eftir.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:00.

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08 2026